



Markaðsstofa Suðurlands

Stjórnarfundur 14. janúar 2016, kl. 13:00 í Fjölheimum, Selfossi

Mættir eru: Ása Valdís Árnadóttir formaður, Gunnar Þorgeirsson, Þórður Freyr Sigurðsson, Magnús Bragason (í síma), Sigurlaug Gissuradóttir, Sigurdís Lilja Guðjónsdóttir varamaður Margrétar Runólfsdóttur sem boðaði forföll, Dagný Hulda Jóhannsdóttir og Valgerður Pálsdóttir sitja einnig fundinn og ritar Valgerður fundargerð. Fundur settur kl 13:05

Dagskrá

Framvinduskýrsla

- Framkvæmdarstjóri fer yfir framvinduskýrslu september – desember. Hægt er að nálgast hana hér: <http://www.south.is/static/files/fundargerdir/2015/framvinda/framvinduskýrsla-sept-des-2015.pdf>

Fjárhagsáætlun 2016

Framkvæmdarstjóri fer yfir drög að fjárhagsáætlun 2016. Hún er samþykkt af stjórn.

Samningar við Ferðamálastofu – vinna að tillögum að breyttu fyrirkomulagi

- Framkvæmdastjóri og formaður stjórnar leggja fram tillögur að breyttu fyrirkomulagi ásamt drögum að tillögum af samningi við Ferðamálastofu. Lagt er til að Markaðsstofan verði samningsaðili við Ferðamálastofu og úthluti fjármagni innan landshlutans.
- Þá er lagt til að MSS taki að sér ráðgjöf og ný verkefni fyrir SASS skv. fyrirbyggjandi samningsdrögum.
- Lögð fram tillaga um að óska eftir samræmingu samninga við sveitarfélögin til MSS og þannig að SASS verði eini samningsaðili MSS fyrir hönd sveitarfélaganna.
- Stjórn samþykkir þessar tillögur og að unnið verði áfram með þær.

Þátttaka MSS í sýningum 2016

- Ákveðið er að Markaðsstofa Suðurlands verði á eftirfarandi sýningum 2016:
Mid – Atlantik
Vest – Norden
- Framkvæmdastjóra falið að velja tvær sýningar og/eða vinnustofur erlendis á árinu, sé til þess svigrúm í fjárhagsáætlun.

Árshátíð Markaðsstofunnar 19. febrúar 2016

- Ákveðið er breyta nafni Uppskeruhátíð Markaðsstofunnar í Árshátíð ferðaþjónustunnar þar sem þessi hátíð er opin öllum ferðaþjónustuaðilum á Suðurlandi.
- Greiðslufyrirkomulag vegna Árshátíðar er rætt og ákveðið er að panta rafrænan posa, svo hægt verði að taka á móti símgreiðslum.
- Formleg dagskrá verður til 01.
- Framkvæmdarstjóra og verkefnastjóra falið að skipuleggja og auglýsa viðburðinn sem samanstendur af málþingi, örfærð ásamt kvöldverði með skemmtidagskrá.

Verkefni framundan

Framkvæmdastjóri fer yfir helstu verkefni framundan.

Þar má helst nefna:

- **MANNAMÓT 2016** – haldið af Markaðsstofum Landshlutanna þann 21. janúar í Reykjavík.
- **Árshátíð** – haldin í Hótel Vatnsholti 19. febrúar ásamt málþingi og örfærð um svæðið
- **Uppfærsla heimasíðu og samfélagsmiðla** – ásamt áframhaldandi þróun og vinnu við að betrubæta uppsetninguna og framsetningu efnis. Byggja upp síðu sem heldur utan um umfjallanir og skrif blaðamanna um landshlutan og MSS hefur komið að. Þá er áfram unnið að hugsanlegum viðbótum.
- **Fjölmiðlaferðir og umfjallanir**– m.a. með ITV morning show í Bretlandi og BBC.
- **Kynning/kynningarefni** á ávinningi aðildar að MSS.
- **Súpufundir/þemafundir** í samstarfi við hvert svæði.
- **Vinna við markaðsgreiningu** áfangastaðarins Suðurlands.
- **Undirbúningur námskeiðs** fyrir fyrirtæki til að nýta niðurstöður markaðsgreiningarinnar.
- **Stefnumótunarvinna Markaðsstofa Landshlutanna** unnin með Ferðamálastofu og ráðgjafa
- **Mid Atlantic** – í byrjun febrúar ásamt post-tour.
- **Vegvísir í ferðaþjónustu** – fundir og hugsanleg verkefni

Fundi slitið kl 15.30